



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Úrdráttur úr fundargerðum

Útgáfa 2 apríl 2004

Ábyrgðarmaður. Selma Björk Hauksdóttir

Fundur 2. mars

Innheimtumál hafnarinnar voru tekin til umræðu. Komið hefur í ljós að aflagjöld af grásleppuhrognum hafa ekki verið greidd af kaupendum hrognanna allt til ársins 2000. Skrifstofu er falið að senda út greiðsluáskorun. Fjárhagsáætlun hafnarinnar hefur verið byggð á gögnum úr bókhaldi síðustu ára þar sem þessar lögbundnu tekjur hafnarinnar hafa ekki skilað sér á umræddu tímabili. Liggur fyrir að um leið og skipulögð innheimta gjaldsins verður tekin upp þarf að lagfæra fjárhagsáætlunina sem því nemur.

Almennar umræður um heimasíðuna, mikil ánægja og jákvæðni er með heimasíðuna.

Hreppsnefnd hyggst fara fram á að snjómokstur og vegaeftirlit í sveitarfélaginu verði boðið út og sinnt héðan frá Skeggjastaðahreppi.

Bréf barst frá Menntamálaráðuneytinu þar sem Skeggjastaðahrepp er úthlutað 100.000 kr. styrk til íslenskukennslu útlendinga fyrir haustönn 2003.

Tilboð hefur borist frá Austurlögnum ehf. í endurnýjun vatnslagna í Miðvangi 1-3. 100.000-150.000 kr. fyrir hvora íbúð með vsk. Samþykkt var að fara í framkvæmdirnar.